



# Litluborgir

## Hafnarfjarðarbær

Stjórnunar- og verndaráætlun

2024



Heiti skýrslu: Stjórnunar- og verndaráætlun Litluborgir

Útgáfunúmer: UST-2021:14

Mánuður, ár: júlí 2024

Ábyrgð: Þórdís Vilhelmína Bragadóttir, René Biasone og Guðbjörg Gunnarsdóttir

Útgefandi: Umhverfisstofnun

Forsíðumynd: Ásta Kristín Davíðsdóttir

Aðrar myndir: Ásta Kristín Davíðsdóttir

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Sími: 591 2000

Netfang: [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)

Veffang: [www.ust.is](http://www.ust.is)

# Efnisyfirlit

<b>1. HIÐ FRIDLÝSTA SVÆÐI.....</b>	<b>5</b>
1.1. Tengsl við áhrifasvæði og aðkomuleiðir .....	5
1.2. Stjórnunar- og verndaráætlun .....	5
1.2.1. Samráð .....	6
1.3. Eignarhald og umsjón .....	6
1.4. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi .....	6
1.5. Verndargildi og verndarflokkur .....	7
<b>2. STAÐA OG STEFNA.....</b>	<b>8</b>
2.1. Náttúruminjar; jarðminjar og lífríki .....	8
2.2. Menningarminjar .....	9
2.3. Landnotkun .....	9
2.3.1. Ferðapjónusta, útivist og fræðsla.....	9
2.3.2. Viðburðir, kvikmyndataka og ljósmyndun .....	9
2.3.3. Mannvirki .....	10
2.4. Helstu ógnir.....	10
2.5. Innviðir; skilti, gönguleiðir og landvarsla.....	10
2.6. Öryggismál .....	10
2.7. Rannsóknir og vöktun .....	11
<b>3. SÉRSTAKAR REGLUR UM UMFERÐ OG DVÖL .....</b>	<b>12</b>
<b>HEIMILDIR .....</b>	<b>13</b>
<b>VIÐAUKI I .....</b>	<b>14</b>
<b>VIÐAUKI II.....</b>	<b>16</b>
<b>VIÐAUKI III.....</b>	<b>17</b>

## Leiðarljós

---

Leiðarljós fyrir stjórnun náttúruvættisins Litluborga er að standa vörð um sérstæðar jarðmyndanir sem hafa mikið fræðslugildi.

---





# 1. Hið friðlýsta svæði

Litluborgir voru friðlýstar sem náttúruvætti árið 2009 með auglýsingu nr. [395/2009](#). Mörk náttúruvættisins eru sýnd á korti í [viðauka II](#) og afmarkast af þeim hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi. Stærð svæðisins er 10,6 ha.

Litluborgir eru hraunborgir og gervíggar sem myndast hafa við það að hraun hefur runnið yfir stöðuvatn. Hellar og skútar eru í hrauninu og eru þeir viðkvæmir fyrir ágangi.

Markmiðið með friðlýsingu Litluborga er að vernda sérstæðar jarðmyndanir í landi Hafnarfjarðar. Jafnframt er það markmið með friðlýsingunni að varðveita jarðmyndanir svæðisins vegna mikils fræðslugildis.

## 1.1. Tengsl við áhrifasvæði og aðkomuleiðir

Litluborgir eru innan Reykjanesfólkvangs. Svæðið er í næsta nágrenni við vinsælt útivistarsvæði við rætur Helgafells. Erfitt er fyrir ókunnuga að finna svæðið þar sem það lætur lítið fyrir sér fara í hrauninu og auðvelt að ganga fram hjá því. Hægt er að komast að því gangandi með því að fylgja línuvegi sem liggur við jaðar svæðisins. Við jaðar svæðisins er Búrfellslína 3b. Línan er innan [afmarkaðs beltis](#) fyrir háspennulínur í aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

## 1.2. Stjórnunar- og verndaráætlun

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar Litluborga hófst í nóvember 2020. Áætlunin er unnin af samstarfshópi sem skipaður var vegna gerðar hennar og er hún sett í samræmi við 81. gr. laga um náttúruvernd [nr. 60/2013](#). Stjórnunar- og verndaráætluninni er ætlað að vera stefnumótandi skjal sem lýsir framtíðarsýn og þeim grundvallarsjónarmiðum sem höfð eru til hliðsjónar um hvernig viðhalda og auka eigi verndargildi svæðisins. Áætlunin er unnin í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ.

Samstarfshópin skipuðu:

- Berglind Guðmundsdóttir, umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðarbæjar
- Guðmundur Elíasson, umhverfis- og veitustjóri Hafnarfjarðarbæjar
- Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- René Biasone, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- Þórdís Vilhelmína Bragadóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar

Stjórnunar- og verndaráætlunina skal endurskoða eftir því sem tilefni er til. Áætluninni er skipt í þrjú kafla. Í fyrsta kafla er fjallað um vinnslu áætlunarinnar og stjórnsýslu, í öðrum kafla er lýsing á Litluborgum í dag ásamt framtíðarsýn og stefnumótun og í þriðja kafla eru settar fram þær sérreglur sem gilda um náttúruvættið samkvæmt áætlun þessari. Meðfylgjandi stjórnunar- og verndaráætluninni er hlaupandi aðgerðaáætlun til þriggja ára.

Aðgerðaáætlunin er uppfærð árlega í samræmi við þriggja ára verkefnaáætlun Landsáætlunar um uppbyggingu innviða. Í aðgerðaáætlun eru tilgreindar þær aðgerðir sem farið verður í árlega og aðgerðir sem áætlað er að fara í til þriggja ára í senn. Aðgerðaáætlun er aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

### 1.2.1. Samráð

Í samræmi við 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd var haft samráð við fagstofnanir og aðila sem hagsmuna hafa að gæta á svæðinu. Við upphaf vinnunnar var bréf sent til fagstofnana og hagsmunaaðila þar sem tilkynnt var að vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið væri að hefjast. Þessum aðilum var einnig sent bréf í upphafi kynningarferlis þar sem upplýst var um kynningartíma og hvar tillögu að áætluninni væri að finna.

Listi yfir samráðsaðila er í [viðauka III](#).

## 1.3. Eignarhald og umsjón

Litluborgir eru í upplandi Hafnarfjarðarbæjar og er sveitarfélagið landeigandi. Umsjón og rekstur náttúruvættisins er í höndum sveitarfélagsins Hafnarfjarðar samkvæmt samningi á milli sveitarfélagsins og Umhverfisstofnunar sem staðfestur var af umhverfis- og auðlindaráðherra árið 2015 og gildir til tíu ára, sjá [samningur](#). Umsjón og rekstur felst m.a. í því að sveitarfélagið sér um að svæðið líti vel út, fjarlægir rusl, hefur eftirlit með því að verndargildi svæðisins rýrni ekki, bregst við raski o.s.frv. Málefnum sem upp kunna að koma og kalla á sérstakar ráðstafanir eða stjórnvaldsáskvarðanir ber að vísa til Umhverfisstofnunar.

## 1.4. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Litluborgir voru friðlýstar sem náttúruvætti árið 2009 með auglýsingu nr. 395/2009 að tillögu bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Auglýsinguna má finna í [viðauka I](#).

Samkvæmt friðlýsingunni er umferð vélknúinna farartækja, þ.m.t. vélsleða, óheimil í náttúruvættinu. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir, spilla gróðri eða trufla dýralíf. Ræktun og dreifing framandi tegunda er jafnframt óheimil svo og

skotveiðar. Allar framkvæmdir innan náttúruvættisins eru háðar leyfi Hafnarfjarðarbæjar og Umhverfisstofnunar. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndaráætlun. Gert er ráð fyrir afmörkuðum gönguleiðum og stígum um svæðið sem tengst geta öðrum gönguleiðum um uppland Hafnarfjarðar.

Litluborgir hafa ekki verið deiliskipulagðar en svæðið er hluti af staðfestu [Aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar 2013-2025](#).

Náttúruvættið Litluborgir er innan Reykjanesfólkvangs sem var friðlýstur árið 1975 með auglýsingu [nr. 520/1975](#). Starfsmaður Umhverfisstofnunar er áheyrnarfulltrúi í stjórn fólkvangsins og upplýsir stjórnina um umsjón og rekstur náttúruvætta innan Reykjanesfólkvangs.

Hluti svæðisins er grannsvæði vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins. Allar framkvæmdir og starfsemi sem geta ógnað öryggi vatnsöflunar eru bannaðar á grannsvæðinu sjá [vatnsverndarsvæði](#) og [reglugerð nr. 1999/796](#) um varnir gegn mengun vatns og kort af vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.

## 1.5. Verndargildi og verndarflokkur

Verndargildi Litluborga felst fyrst og fremst í sérstæðum jarðmyndunum. Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags, skal, skv. b-lið 3. gr. [náttúruverndarlaga](#) nr. 60/2013, stefnt að því að vernda jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu. Eldhraun, gervígígar og hraunhellar njóta sérstakrar verndar sbr. 61. gr. sömu laga. Þá eru dropsteinar í hellum landsins friðlýstir sérstaklega sbr. auglýsingu um friðlýsingu dropsteina [nr. 120/1974](#). Verndun Litluborga stuðlar auk þess að verndarmarkmiðum fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir sbr. 2. gr. laga um náttúruvernd.

Litluborgir flokkast sem náttúruvætti skv. 48. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 þar sem segir að friðlýsa megi einstakar náttúrumyndanir sem ástæða þykir til að varðveita sökum fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna. Þetta geta t.d. verið fossar, eldstöðvar, hellar og drangar, svo og fundarstaðir steingervinga, sjaldgæfra steinda, bergtegunda og berggerða, eða lífræn fyrirbæri sem eru einstök og skera sig úr umhverfinu. Friðlýsingin skal jafnframt ná til svæðis kringum náttúrumyndanirnar svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín.

Samkvæmt aðferðafræði alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna IUCN, um flokkun friðlýstra svæða þá flokkast Litluborgir í flokk III<sup>1</sup>. Í flokki III eru verndarsvæði þar sem oftast er stuðlað að verndun jarðfræðilegra fyrirbæra sem vernduð eru vegna fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna. Þetta eru jafnan lítil verndarsvæði og hafa oft mikið aðdráttarafli fyrir ferðamenn.

<sup>1</sup> <https://www.iucn.org/theme/protected-areas/about/protected-areas-categories/category-iii-natural-monument-or-feature>





## 2. Staða og stefna

Í þessum kafla verður náttúruvættinu Litluborgum lýst í stórum dráttum, stefna lögð fram um hvernig viðhalda megi verndargildi svæðisins og bent á framkvæmdir sem fara þarf í á næstu árum. Aðgerðaráætlun til 3ja ára er í fylgiskjali en þar má finna þær aðgerðir sem farið verður í til að vinna að markmiðum áætlunarinnar. Aðgerðirnar eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fáist hverju sinni.

### 2.1. Náttúruminjar; jarðminjar og lífríki

Litluborgir eru hraunborgir og gervigágar í Þríhnúkahrauni sem myndast hafa við það að hraun hefur runnið yfir stöðuvatn. Í Litluborgum er að finna hella og skúta með viðkvæmum hraunmyndunum.

Megin vistgerð svæðisins er mosahraunavist og er mosategundin hraungambri ríkjandi en vistgerðin er fátæk af æðplöntum<sup>2</sup>. Þeir fuglar sem algengt er að sjá í þeirri vistgerð eru heiðlóa, spói, þúfutittlingur, steindepill og rjúpa. Svæðið er mjög viðkvæmt fyrir ágangi.

#### ***Stefna og aðgerðir***

Til að vernda náttúruvættið Litluborgir og umhverfi þess skal þess gætt að framkvæmdir og ágangur rýri ekki gildi svæðisins og ásýnd þess. Varðveita skal jarðminjar, dýralíf og náttúrulegan gróður og tryggja náttúrulega gróðurframvindu á svæðinu. Gæta skal að því að

---

<sup>2</sup> <https://www.ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>



framkvæmdir á svæðinu raski ekki hraunmyndunum. Stefnt er að því að koma í veg fyrir jarðvegsrof og gróðureyðingu, lagfæra mosaskemmdir og loka viðkvæmum svæðum með stýringu umferðar s.s. göngustígum og merkingum sbr. [kafla 2.5](#). Unnið skal að því að halda mosavistinni á svæðinu.

Aðgerðir:

- ✓ Lagfæra og græða upp mosa á svæðum þar sem ekki er gert ráð fyrir umferð gesta.

## 2.2. Menningarminjar

Engar skráðar menningarminjar eru innan friðlýsta svæðisins.

## 2.3. Landnotkun

Náttúruvættið er hluti af upplandi Hafnarfjarðar og innan [Græna trefilsins](#), sem er samfellt útivistar- og skógræktarsvæði á höfuðborgarsvæðinu. Í næsta nágrenni þess eru vinsæl útivistarsvæði s.s. Helgafell og Kaldárbotnar.

### *Stefna og aðgerðir*

Öll landnotkun innan náttúruvættisins skal vera í samræmi við markmið um verndun Litluborga, aðalskipulag Hafnarfjarðarbæjar og stjórnunar- og verndaráætlun.

### 2.3.1. Ferðaþjónusta, útivist og fræðsla

Þar sem Litluborgir eru ekki mjög áberandi í hrauninu þá hafa fáir heimsótt þær í gegnum tíðina en það er að breytast með aukinni umferð útivistarfólks. Svæðið er hins vegar mjög viðkvæmt utan stíga og kom það í ljós þegar umferð jókst sumarið 2020 sbr. [kafla 2.4](#).

### *Stefna og aðgerðir*

Jarðmyndanir Litluborga hafa mikið fræðslugildi og er stefnt að því að veita fólki tækifæri til að fræðast betur um svæðið og njóta þess. Ekki er þó stefnt að því að hvetja fólk til að heimsækja svæðið áður en innviðir sem bera umferð fólks verða til staðar, sjá [kafla 2.5](#). Upplýsinga- og fræðslufni um náttúruminjar verndarsvæðisins skal vera aðgengilegt almenningi ásamt þeim umgengnisreglum sem gilda á svæðinu. Upplýsingar skulu settar fram á auðskilinn hátt og stuðlað að því að fólk læri að skilja og meta þær náttúruminjar sem verið er að vernda. Samkvæmt auglýsingu um náttúruvættið, [sjá viðauka I](#), skulu hundar hafðir í taumi og undir tryggri stjórn í samræmi við [samþykkt um hundahald](#) í Hafnarfirði.

Aðgerðir:

- ✓ Upplýsingar um Litluborgir á heimasíðu Umhverfisstofnunar verði uppfærðar eftir þörfum.

### 2.3.2. Viðburðir, kvikmyndataka og ljósmyndun

Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir, s.s. keppnishald og leikir, skulu ekki raska jarðminjum, gróðri eða dýralífi innan náttúruvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka og viðburðir eru háðir leyfi Umhverfisstofnunar og

Hafnarfjarðarbæjar. Heimilt er að setja skilyrði um t.d. fjölda þeirra sem kom að viðburðinum, umgengni og aðstöðu þegar slík leyfi eru veitt, sbr. [reglu nr. 1.](#)

### 2.3.3. Mannvirki

Þær aðstæður geta skapast að þörf verði á að leggja nýja háspennulínu meðfram Búrfellslínu 3b sem liggur í útjaðri verndarsvæðisins. Línan yrði sýnileg frá verndarsvæðinu en afar mikilvægt er að hún hafi ekki önnur áhrif á Litluborgir enda er svæðið mjög viðkvæmt.

## 2.4. Helstu ógnir

Svæðið hefur ekki verið mjög fjölfarið í gegnum tíðina enda lítið og úr alfaraleið. Sumarið 2020 varð breyting á og í kjölfarið hafa mosaskemmdir aukist á svæðinu. Engar skilgreindar gönguleiðir liggja um svæðið og því var ekki unnt að stýra umferð fólks frá viðkvæmum svæðum. Umhverfisstofnun getur takmarkað umferð á viðkvæmum svæðum, þar sem hættu er á raski á náttúruinjunum eða vegna erfiðra gönguaðstæðna, og beina gestum svæðisins um aðrar leiðir, sbr. [reglu 3.](#) Vísbendingar eru um að efni frá möstrum geti haft neikvæð áhrif á gróður en þess sér merki í mosa á svæði í námunda við náttúruvættið.

## 2.5. Innviðir; skilti, gönguleiðir og landvarsla

Landvörður Umhverfisstofnunar annast eftirlit með svæðinu en ekki eru aðrir innviðir til staðar eins og skilgreindar gönguleiðir eða fræðsluskilti.

### *Stefna og aðgerðir*

Stefnt er að því að skilgreina einfaldar gönguleiðir, náttúrustíga, um friðlýsta svæðið sem stýra umferð gesta frá viðkvæmum svæðum en gera þeim jafnframt kleift að njóta þess sem svæðið hefur upp á að bjóða. Heimilt er að hjóla á skilgreindum hjólreiðastígum séu þeir til staðar sbr. [reglu nr. 2](#) í kafla 3. Uppbygging og viðhald á svæðinu verður í samstarfi og/eða samráði við Umhverfisstofnun. Stefnt er að því að upplýsingum um svæðið verði komið á framfæri á skiltum við upphaf gönguleiðar á bílastæðinu við Kaldárhraun. Sorptunnur verða ekki settar upp innan náttúruvættisins en gert ráð fyrir að gestir taki úrgang með sér þegar skilið er við svæðið.

Aðgerðir:

- ✓ Skilgreina gönguleiðir um friðlýsta svæðið og merkja þær.
- ✓ Villustígum lokað og mosauppgræðsla hafin.
- ✓ Upplýsingar um svæðið settar á aðkomu- og fræðsluskilti.
- ✓ Árlegt viðhald verði á göngustígum og merkingum á gönguleiðum.

## 2.6. Öryggismál

Öryggisáætlun friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar verður höfð til hliðsjónar í tengslum við öryggismál við Litluborgir. Afmörkun gönguleiða á svæðinu þjónar öryggi gesta.



Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun staðfæri öryggisáætlun friðlýstra svæða stofnunarinnar fyrir Litluborgir og hún verði uppfærð eftir þörfum.

## 2.7. Rannsóknir og vöktun

Engin skipulögð vöktun er á svæðinu en sérfræðingur Umhverfisstofnunar og landverðir vinna ástandsmat fyrir svæðið.

### *Stefna og aðgerðir*

Samkvæmt 74. gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013 ber Náttúrufræðistofnun Íslands ábyrgð á vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum. Stofnunin á að vinna heildstæða áætlun um vöktun og skipuleggja framkvæmd hennar. Jafnframt á Náttúrufræðistofnun að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði í samráði við Umhverfisstofnun sem skal vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis. Árið 2019 hófst samvinna Náttúrufræðistofnunar, Umhverfisstofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðs, Þingvallabjórþjóðgarðs og náttúrustofa um gerð vöktunaráætlana fyrir náttúruverndarsvæði, þ.m.t. friðlýst svæði, og er hún unninn samhliða vinnu Náttúrufræðistofnunar við gerð heildstæðrar vöktunaráætlunar fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru. Vöktunaráætlun fyrir náttúruverndarsvæði mun fela í sér forgangsröðun svæða og áherslur í vöktun á hverju svæði fyrir sig. Ekki er búið að vinna vöktunaráætlun fyrir Litluborgir en þegar því er lokið mun hún verða viðauki við þessa stjórnunar- og verndaráætlun. Á [heimasíðu](#) Náttúrufræðistofnunar Íslands má finna frekari upplýsingar um vöktun.

Aðgerðir:

- ✓ Ástandsmat verði unnið árlega af Umhverfisstofnun.
- ✓ Árlega verði vöktun á framgangi framandi tegunda plantna innan náttúruvættisins og þær sem eru mögulega ágengar verða upprættar.



## 3. Sérstakar reglur um umferð og dvöl

Sérstakar reglur um umferð manna og dvöl í náttúruvættinu Litluborgum sem settar eru í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru eftirfarandi:

1. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki raska jarðminjum, gróðri eða dýralífi innan náttúruvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka og viðburðir eru háðir leyfi Umhverfisstofnunar og Hafnarfjarðarbæjar. Heimilt er að setja skilyrði um t.d. fjölda þeirra sem kom að viðburðinum, umgengni og aðstöðu þegar slík leyfi eru veitt, sbr. [kafla 2.3.2.](#)
2. Heimilt er að hjóla á skilgreindum hjólreiðastígum séu þeir til staðar sbr. [kafla 2.5.](#)
3. Umhverfisstofnun getur takmarkað umferð á viðkvæmum svæðum, þar sem hætta er á raski á náttúruminum eða vegna erfiðra gönguaðstæðna, og beina gestum svæðisins um aðrar leiðir sbr. [kafli 2.4.](#)



# Heimildir

Landmótun. 2006. Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025. Sótt af vef: <https://hafnarfjordur.is/framkvaemdir/skipulag/adalskipulag/>

Lög um náttúruvernd [nr. 60/2013](#).

Náttúrufræðistofnun Íslands. Vistgerðakort og mikilvæg fuglasvæði. Sótt af vef: <https://vistgerdakort.ni.is/>

Umhverfisstofnun. Sótt af vef: <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudvesturland/litluborgir-hafnarfirdi/>

# Viðauki I

Nr. 395/2009

3. apríl 2009

## AUGLÝSING um náttúruvættið Litluborgir í Hafnarfirði.

### 1. gr. Um friðlýsinguna.

Umhverfisráðherra hefur ákveðið að tillögu Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands og með samþykki Hafnarfjarðarkaupstaðar, sem landeiganda og sveitarstjórnar, að friðlýsa Litluborgir við Helgafell í Hafnarfirði sem náttúruvætti, skv. 2. tölulið 53. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Litluborgir eru hraunborgir og gervigígar sem myndast hafa við það að hraun hefur runnið yfir stöðuvatn. Aðrar merkar og áhugaverðar myndanir á svæðinu eru dropsteinar og kísilgúr. Hið friðlýsta svæði er 10,6 hektarar að stærð.

### 2. gr. Markmið friðlýsingarinnar.

Markmiðið með friðlýsingu Litluborga sem náttúruvættis er að vernda sérstæðar jarðmyndanir í landi Hafnarfjarðar. Jafnframt er það markmið með friðlýsingunni að varðveita jarðmyndanir svæðisins vegna mikils fræðslugildis, en Helgafell og nágrenni þess hefur um langan tíma verið afar vinsælt útivistarsvæði.

### 3. gr. Mörk náttúruvættisins.

**Mörk náttúruvættisins:** Litluborga afmarkast af eftirfarandi ISN-93 hnitum og eru sýnd á meðfylgjandi upprætti:

Hnit	X	Y
1	361489	393686
2	361774	392632
3	361663	392475
4	361262	392336
5	361193	392475
6	361310	392572
7	361361	392568

### 4. gr. Umsjón náttúruvættisins o.fl.

Umsjón og rekstur náttúruvættisins skal vera í höndum umhverfisnefndar Hafnarfjarðarkaupstaðar, samkvæmt samningi Umhverfisstofnunar og Hafnarfjarðarkaupstaðar sem umhverfisráðherra staðfestir. Umhverfisstofnun skal sjá um gerð verndaráætlunar fyrir náttúruvættið í samráði við Hafnarfjarðarkaupstað, sbr. d-lið 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.



#### 5. gr. Umferð um náttúruvættið.

Almenningi er heimil för um náttúruvættið, enda sé gætt góðrar umgengni. Í samræmi við samþykkt um hundahald er óheimilt að hafa hunda í náttúruvættinu án fylgdar og tryggrar stjórnar. Umferð vélknúinna farartækja, þ.m.t. vélsleða, er óheimil í náttúruvættinu.

#### 6. gr. Verndun jarðmyndana, gróðurs og dýralífs.

Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í náttúruvættinu Litluborgum. Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf innan marka náttúruvættisins. Ræktun og dreifing framandi tegunda er jafnframt óheimil innan marka þess. Skotveiðar eru óheimilar á svæðinu.

#### 7. gr. Landnotkun og mannvirkjagerð.

Allar framkvæmdir innan náttúruvættisins eru háðar leyfi Hafnarfjarðarkaupstaðar og Umhverfisstofnunar, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndaráætlun. Gert er ráð fyrir merktum og stikuðum gönguleiðum og stígum um svæðið sem tengst geta öðrum gönguleiðum um uppland Hafnarfjarðar.

#### 8. gr. Undanþágur.

Umhverfisráðherra getur, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og umhverfisnefndar Hafnarfjarðarkaupstaðar, veitt heimild til þess að vikið verði frá reglum þessum í einstökum tilfellum gangi það ekki gegn markmiðum friðlýsingarinnar.

#### 9. gr. Refsiákvæði.

Brot gegn friðlýsingu þessari varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, skv. 75. og 76. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

#### 10. gr. Gildistaka.


Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 3. apríl 2009.  
Kolbrún Halldórsdóttir.

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.

# Viðauki II

## Uppdráttur af náttúruvættinu Litluborgum í Hafnarfirði.



### Litluborgir, náttúruvætti

í upplandi Hafnarfjarðar

- ④ Friðlýsingarmörk
- Línuvegur
- - - Háspennulína

Afmörkun svæðis:	hnit	x	y
Hnit ISN-93	1	361489	393686
Stærð 10.6 ha	2	361774	392632
	3	361663	392475
	4	361262	392336
	5	361193	392475
	6	361310	392572
	7	361361	392568

0 200 400 600 M

1: 10.000



Kortagerð: Landslag ehf.  
28. maí 2008

# Viðauki III

## Samráðsaðilar

Við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar var haft samráð við landeigendur, sérfræðinga og stofnanir eftir því sem tilefni var til.

Eftirtaldar stofnanir og félagasamtök fengu einnig sent bréf vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlunina:

### Samráðsaðilar

- ✓ Umhverfis,- orku- og loftslagsráðuneyti
- ✓ Náttúrufræðistofnun Íslands
- ✓ Minjastofnun Íslands
- ✓ Skipulagsstofnun
- ✓ Samgöngustofa
- ✓ Landgræðslan
- ✓ Vegagerðin
- ✓ Landvernd
- ✓ Náttúruverndarsamtök Íslands
- ✓ Náttúrustofa Suðvesturlands
- ✓ Náttúrufræðistofa Kópavogs
- ✓ Ferðamálastofa
- ✓ Heilbrigðiseftirlit Hafnafjarðar, Garðabæjar og Kópavogs
- ✓ Stjórn Reykjanesfólkvangs
- ✓ Landsnet



## Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Litluborgir

Desember 2022

Fyrir hönd Umhverfisstofnunar:

Inga Dóra Hrólfsdóttir, sviðsstjóri

René Biasone, svæðissérfræðingur

Guðbjörg Gunnarsdóttir, sérfræðingur

Guðlaugur Þór Þórðarson  
umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra